

VIÐAUKI

við samning um stofnframlag á grundvelli laga nr. 52/2016, um almennar íbúðir til uppbyggingar 40 íbúða hjá Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða hses.

Vísað er til samnings Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða hses., kt. 511022-0880, Suðurgötu 12, Ísafirði, dags. 12. desember 2022.

Með viðauka þessum samþykkja samningsaðilar breytingu á 3. gr. samningsins, um samþykkt stofnframlags, á þann hátt að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að veita 12% stofnframlag í samræmi við nýtt og endurmetið stofnvirði við byggingu 40 almennra íbúða til uppbyggingar Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða að Fjarðarstræti 20 á Ísafirði.

Endurmat fór fram skv. umsókn Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða hses. þann 19. desember 2022, vegna endurskoðunar kostnaðaráætlunar við byggingu íbúðanna, í ljósi vanáætlunar á byggingakostnaði og mikilla hækkana sem orðið hafa síðan umsókn var samþykkt.

Samþykkt nýtt stofnvirði er kr. 971.439.041, sbr. samþykta niðurstöðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 30. desember 2022, en samþykkt var gerð með fyrirvara um samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um hækkun á stofnframlagi í samræmi við endurmetið stofnvirði.

Endurreiknað 12% stofnframlag Ísafjarðarbæjar er því kr. 116.572.685, eða hækkun um kr. 23.174.138.

Þá samþykkja samningsaðilar breytingu á 5. gr. samningsins, um útgreiðslu stofnframlags, en greiðslur Ísafjarðarbæjar til Stúdentagerða Háskólaseturs Vestfjarða hses. skipast á eftirfarandi hátt, auk verðtryggingar skv. 3. mgr. 5. gr. samningsins:

- 1) Fyrri helmingur við undirritun samningsins, viðauka þessa og þinglýsingu kvaðar
kr. 58.286.343
- 2) Síðari helmingur þegar vottorð vegna öryggisúttektar liggur fyrir
kr. 58.286.343

Að öðru leyti eru ákvæði samningsins óbreytt.

Ísafirði, 19. janúar 2023

f.h. Ísafjarðarbæjar
Arna Lára Jónsdóttir
bæjarstjóri

f.h. Stúdentagarða Háskólaseturs Vestfjarða hses.
Halldór Halldórsson,
stjórnarformaður